

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sérhæfða endurhæfingargeðdeild.

Frá Evu Sjöfn Helgadóttur.

1. Hver er meðalinnlagnartíminn á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild?
2. Hversu margir hafa verið í innlögn að meðaltali á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild í hverjum mánuði sl. fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir mánuðum.
3. Hversu margir hafa látist meðan á innlögn stendur á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild sl. 10 ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir hverju ári og ástæðu hvers andláts.
4. Hversu margir hafa hlotið meiðsl meðan á innlögn stendur á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild sl. 5 ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir hverju ári og ástæðu meiðsla.
5. Hversu margir einstaklingar hafa verið í þvingaðri lyfjagjöf meðan á innlögn á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild hefur staðið sl. 5 ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir fjölda í hverjum mánuði og hlutfalli einstaklinga sem hafa verið í þvingaðri lyfjagjöf af heildarfjölda innlagðra sjúklinga.
6. Hversu oft sl. 5 ár hefur starfsfólk sérhæfðrar endurhæfingargeðdeildar beitt sjúklinga einhvers konar nauðung inni á deildinni? Óskað er eftir sundurliðun eftir fjölda tilvika fyrir hvert ár og eftir ástæðum beitingar nauðungar.

Skriflegt svar óskast.